

103 Auk grunngjaldsins greiðist kr. 2.50 af hverjum rúmmetra húss allt að 700 rúm-
9. ágúst metrum og kr. 1.00 af hverjum rúmmetra þar yfir.

Verði breyting á fasteignamati um meira en 10% frá því sem nú er, þegar gjaldskrá þessi er samþykkt, breytast gjöldin í samræmi við það. (Fasteignamat gert = 1000.00 kr. rúmm.).

Heimtaug fellur í gjalddaga þegar að tengingu lokinni. Sé lengd jarðlínuheimtaugar meiri en 15 metrar, og loftlínuheimtaugar meiri en 40 metrar, og/eða gildleiki víra meiri en 3×70 mm², skal húseigandi greiða kostnað af því sem fram yfir er. Ef lagðar eru fleiri en ein heimtaug að húsinu, skal greiða allan kostnað við síðari heimtaug eftir reikningi.

IV. OPNUNARGJÖLD

1. Hafi gjald samkvæmt gjaldskrá þessari eigi verið greitt svo að til lokunar hafi komið fyrir veitu, skal taka gjald fyrir enduropnun kr. 20.00.
2. Ef fundin eru óleyfileg eða of stór vör við skoðun, skal veitunni lokað tafarlaust, og verður hún ekki enduropnuð fyrr en notandinn hefur greitt kr. 20.00 gjald á skrifstofu rafveitunnar.

V. HEIMILD TIL HÆKKUNAR

Bæjarstjórn er heimilt að hækka eða lækka gjöld, sem ákveðin eru í gjaldskrá þessari, um allt að 10% án sérstakrar staðfestingar ráðuneytisins, enda auglýsi bæjarstjórn breytinguna í Lögbirtingablaðinu, áður en til hennar kemur.

Gjaldskrá þessi, sem rafveitunefnd Keflavíkur hefur samið, og bæjarstjórn Keflavíkur samþykkt, staðfestist hér með skv. vatnalögum, nr. 15 20. júní 1923, og raforkulögum, nr. 12 2. apríl 1946 til þess að öðlast gildi þegar í stað, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Jafnframt úr gildi numin gjaldskrá fyrir Rafveitu Keflavíkur, nr. 49 25. marz 1955.

Atvinnumálaráðuneytið, 9. ágúst 1958.

Hermann Jónasson.

Þorv. K. Þorsteinsson.

104

11. ágúst

S A M Þ Y K K T

um sveitarstjóra í Miðneshreppi.

1. gr.

Hreppsnefnd ræður sveitarstjóra.

2. gr.

Sveitarstjóri á sæti á fundum hreppsnefndar, hefur þar óbundið málfrelsi og tillögurétt, en atkvæðisrétt hefur hann því aðeins að hann sé hreppsnefndarmaður.

3. gr.

Sveitarstjóri hefur á hendi framkvæmd ákvarðana þeirra, sem hreppsnefnd gerir, og hreppsmála yfirleitt. Hann sér um að þau séu tilhlýðlega unnin. Hann

annast innheimtu á tekjum sveitarsjóðs og fyrirtækja hans, án sérstakrar þóknunar. **104**
 Hann er féhirðir hreppsnefndar og reikningshaldari, semur allar skýrslur hennar **11. ágúst**
 og reikninga, annast bókun alla og bréfavíðskipti, geymir bækur nefndarinnar, inn-
 stæðufé hreppsins, verðbréf og önnur skjöl, og hvað annað, sem hreppnum til-
 heyrir, og hreppsnefnd á að annast um og hefur ábyrgð á.

Í forföllum sveitarstjóra skal oddviti annast störf hans.

4. gr.

Sveitarstjóri setur þá tryggingu er hreppsnefnd tekur gilda fyrir innstæðum þeim, sem hann hefur á hendi, sbr. 3. gr.

5. gr.

Laun sveitarstjóra skulu ákveðin í ráðningarsamningi þeim er í 6. gr. getur, og greiðast þau úr sveitarsjóði.

6. gr.

Oddviti skal fyrir hönd hreppsnefndar gera ráðningarsamning við sveitarstjóra, eftir að ráðning hans hefur verið samþykkt af hreppsnefnd, og skal þar nánar ákveðið um kjör hans, orlof, skrifstofutíma, lífeyri og það annað, sem rétt þykir að taka fram af því tilefni.

Uppsagnarfrestur af hálfu hvors aðila skal vera 6 mánuðir.

Samþykkt þessi, sem hreppsnefnd Miðneshrepps hefur samið og samþykkt, samkv. lögum nr. 19 frá 1951, um sveitarstjóra, staðfestist hér með til að öðlast gildi þegar í stað.

Félagsmálaráðuneytið, 11. ágúst 1958.

Hannibal Valdimarsson.

Helgi Helgason.

G J A L D S K R Á

105

Löggildingarstofunnar fyrir löggildingunni og eftirlit
með mælitækjum og vogaráhöldum.

26. ágúst

1. gr.

Löggildingargjöld.

1. Vogarlóð.

| | | | |
|-------|-----------------|-----|-------|
| Þyngd | 1 g til 5 g | kr. | 2.50 |
| — | 10 g til 20 g | — | 3.50 |
| — | 50 g | — | 4.00 |
| — | 100 g til 200 g | — | 5.00 |
| — | ½ kg | — | 6.00 |
| — | 1 kg til 2 kg | — | 8.00 |
| — | 5 kg | — | 10.00 |
| — | 10 kg | — | 15.00 |
| — | 20 kg | — | 20.00 |